

Samkvæmt upplýsingum frá Ástu Stefánsdóttur hjá sveitarfélaginu Árborg er málum háttað með eftirfarandi hætti hvað varðar stöðu og fjölgun hjúkrunarrýma á Suðurlandi. Það stendur yfir hönnunarsamkeppni um þessar mundir vegna nýja hjúkrunarheimilisins, niðurstöður eiga að liggja fyrir í byrjun október, þá byrjar hönnunarferli í raun og Líklegt er að verkið verði boðið út næsta vor og framkvæmdir hefjist varla fyrr en eftir ár héðan í frá eða síðla næsta sumar. Ásta telur að heimilið verði varla tekið í notkun fyrr en fyrri hluta ársins 2020.

Rýmin á nýja hjúkrunarheimilinu verða 50 og það voru samtals 35 sem lögðust af á Kumbaravogi og Blesastöðum. Þetta er því bara fjölgun um 15 rými. Það varði að berjast fyrir því að fá fleiri rými, Ásta segir að embættismenn í ráðuneytinu séu orðnir jákvæðir fyrir því að mögulega verði hægt að fjölga í 60, en það örlar víst ekki á svörum þar um. Ásta sendi fyrr í sumar póst á alla okkar þingmenn og hvatti þá til dáða. Hún hefur bent á að hægt sé að leysa þetta, t.d. með því að færa 10 rými af verkefni sem átti að fara af stað í Kópavogi á sama tíma og okkar, en er strand vegna málaferla sem ekki sér fyrir endann á.

Tílefni hlýtur að vera ærið til bókunar af þessu tílefni.